

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/22

frá 28. ágúst 2001

## um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir jarðvegsbæti og vaxtarefni(\*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 2597)

(2001/688/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum 3., 4. og 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að veita megi umhverfismerki bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum hvað varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og kröfunum um mat og sannprófun er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð áður en gildistímabili viðmiðananna, sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk, lýkur og skuli ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Með ákvörðun 98/488/EB <sup>(2)</sup> setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir vegna veitingar umhverfismerkis bandalagsins fyrir jarðvegsbæta en samkvæmt 3. gr. þeirrar ákvörðunar, eins og henni var breytt með ákvörðun 2001/157/EB <sup>(3)</sup>, falla þær úr gildi 30. september 2002.
- 5) Rétt er að endurskoða skilgreininguna á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun 98/488/EB, þannig að þær endurspegli þróun á markaðnum.
- 6) Rétt er að framkvæmdastjórnin samþykki nýja ákvörðun þar sem settar eru sérstakar vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem gilda í fimm ár.
- 7) Rétt er að bæði nýju viðmiðanirnar, sem eru settar með þessari ákvörðun, og viðmiðanirnar sem voru settar með ákvörðun 98/488/EB séu í gildi samtímis í takmarkaðan tíma, þó ekki lengur en í 12 mánuði, til

að fyrirtæki, sem veitt hefur verið umhverfismerki fyrir vörur sínar áður en þessi nýja ákvörðun er samþykkt, fái nægan tíma til að aðlaga vörurnar þannig að þær séu í samræmi við nýju viðmiðanirnar.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, hafa verið unnar og samþykktar í samræmi við málsmeðferðina við setningu vistfræðilegra viðmiðana fyrir umhverfismerki sem mælt er fyrir um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Til vöruflokksins „jarðvegsbætur og vaxtarefni“ (hér á eftir kallaður „vöruflokkurinn“) teljast:

— jarðvegsbætur: efni sem er bætt í jarðveginn á staðnum fyrst og fremst til að viðhalda eða bæta efniseiginleika hans og sem getur bætt efnafræðilega og/eða líffræðilega eiginleika eða virkni hans,

— vaxtarefni: efni, annað en jarðvegur á staðnum, sem plöntur eru ræktaðar í.

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif vöruflokksins, sem er skilgreindur í 1. gr., með hliðsjón af hinum sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum sem koma fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda í fimm ár frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

Breyta skal gildistíma skilgreiningarinnar fyrir vöruflokkinn og viðmiðanirnar, sem eru settar með ákvörðun 98/488/EB, þannig að hann renni út að 12 mánuðum liðnum frá þeim degi er þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 242, 12.9.2001, bls. 17, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 9.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 219, 7.8.1998, bls. 39.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 57, 27.2.2001, bls. 51.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „003“ notað fyrir vöruflokkinn.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. ágúst 2001.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Margot WALLSTRÖM

*framkvæmdastjóri.*

---

## VIÐAUKI

## RAMMI

Til að geta fengið umhverfismerki verður jarðvegsbætur eða vaxtarefni (sem nefnist hér á eftir „varan“ eða „vörurnar“) að falla undir vöruflokkinn eins og hann er skilgreindur í 1. gr. og vera í samræmi við viðmiðanirnar í þessum viðauka, með prófunum sem gerðar eru eins og segir fyrir um í viðmiðununum.

Prófun skal, þar sem við á, fara fram í samræmi við prófunaraðferðir sem þróaðar hafa verið af tækninefnd Staðlasamtaka Evrópu (CEN) 223 „Jarðvegsbætur og vaxtarefni“.

Sýnataka skal fara fram í samræmi við aðferðafræðina sem sett er fram af tækninefnd Staðlasamtaka Evrópu (CEN/TC) 223 (WG 3) eins og tilgreint er og samþykkt af Staðlasamtökum Evrópu í EN 12579 — Jarðvegsbætur og vaxtarefni — Sýnataka. Ef krafist er prófana og sýnatöku sem ekki falla undir þessar aðferðir og sýnatökuáferðir skal þar til bæra stofnunin eða stofnanirnar sem meta umsóknina (hér á eftir nefndar „þar til bær stofnun“) tilgreina hvaða prófunar- og/eða sýnatökuáferðir hún telur viðunandi.

Heimilt er að nota aðrar prófunaraðferðir, þar sem við á, ef þar til bæra stofnunin fellst á að þær séu jafngildar. Þar sem engar prófanir eru tilgreindar, eða þar sem tilgreint er að þær séu notaðar til sannprófunar eða eftirlits, ber þar til bærum stofnunum að byggja á yfirlýsingum og gögnum sem umsækjandi lætur í té og/eða óháðum sannprófunum eftir því sem við á.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknunum og við eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, svo sem EMAS eða ISO 14001, er beitt. (*Aths.*: ekki er gerð krafa um að slík stjórnunarkerfi séu notuð).

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum að:

- stuðla að notkun og/eða endurnotkun lífræns efnis sem fellur til við söfnun og/eða vinnslu úrgangsefna og stuðla þannig að því að dregið sé úr magni sorps í föstu formi við endanlega förgun (t.d. á urðunarstað),
- draga úr umhverfisspjöllum eða umhverfisáhættu af völdum þungmálma og annarra hættulegra efnasambanda í jarðvegsbæti og vaxtarefni.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að því að jarðvegsbætur og vaxtarefni, sem hafa lítil umhverfisáhrif allan endingartíma vörunnar, séu merkt.

## VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

## 1. Lífræn innihaldsefni

- a) Aðeins kemur til greina að veita vöru umhverfismerki ef rekja má lífrænt efnainnihald hennar til efnisþátta sem koma frá vinnslu og/eða endurnotkun úrgangsefna (eins og þau eru skilgreind í tilskipun 75/442/EBE frá 15. júlí um úrgang<sup>(1)</sup>), eins og henni var breytt með tilskipun 91/156/EBE frá 18. mars 1991 um breytingar á tilskipun 75/442/EBE um úrgang<sup>(2)</sup> og í I. viðauka við fyrrnefnda tilskipun). *Aths.*: með orðinu „lífrænn“ er átt við efni úr lífverum eða efni sem þær mynda.
- b) Vörur skulu ekki innihalda skolpeðju.

*Umsækjandi skal láta þar til bærra stofnun í té nákvæma samsetningu vörunnar og yfirlýsingu þess efnis að varan uppfylli framangreindar kröfur.*

## 2. Takmörkun hættulegra efna

- a) Í fullunninni vöru skal innihald eftirfarandi frumefna vera minna en gildin hér á eftir sýna og miðast mæling við þurrvigting:

Frumefni	mg/kg (þurrvigting)
Zn	300
Cu	100
Ni	50
Cd	1

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB L 78, 26.3.1991, bls. 32.

Frumefni	mg/kg (þurrvigti)
Pb	100
Hg	1
Cr	100
Mo (*)	2
Se (*)	1,5
As (*)	10
F (*)	200

(\*) Gögn um tilvist þessara frumefna eru einungis nauðsynleg fyrir vörur sem innihalda efni úr iðnaðarvinnslu.

*Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té viðeigandi prófunarskýrslur og yfirlýsingu þess efnis að þessi krafa hafi verið uppfyllt.*

b) Vörur skulu ekki innihalda börk sem hefur verið meðhöndlaður með varnarefnum.

*Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té yfirlýsingu þess efnis að þessi krafa hafi verið uppfyllt.*

### 3. Hlutkennd (physical) mengunarefni

Í fullunninni vöru (þar sem möskvastærð er > 2 mm) skal innihald glers, málmis og plasts vera minna en 0,5% og miðast mæling við þurrvigti:

*Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té viðeigandi prófunarskýrslur og yfirlýsingu þess efnis að þessi krafa hafi verið uppfyllt.*

### 4. Næringarefnaálag

a) Styrkur köfnunarefnis í vörunni má ekki vera meira en 2% af heildarköfnunarefni (í þurrvigti) og ólífrænt köfnunarefni má ekki vera meira en 20% af heildarköfnunarefni (eða ólífrænt köfnunarefni  $\geq$  80%).

b) Hámarksnæringarefnaálag vörunnar skal ekki vera umfram eftirfarandi gildi þegar notkun þeirra er samkvæmt því sem mælt er með í upplýsingunum sem lagðar eru fram með vörunni:

- 17 g/m<sup>2</sup> heildarköfnunarefni
- 10 g/m<sup>2</sup> P<sub>2</sub>O<sub>5</sub>
- 20 g/m<sup>2</sup> K<sub>2</sub>O

*Aths.:* Þessi krafa gildir ekki um vörur þar sem massahlutfall næringarefnisinnihaldsins, sem er tiltækt fyrir vöxt plantna á fyrsta notkunarkeiði, er minna en 10%. Slíkar vörur, til dæmis ýmis efni sem eru notuð til að þekja jarðveg, eru skilgreindar sem efni með C:N-hlutfall sem er hærra en 30:1.

*Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té viðeigandi prófunarskýrslur og gögn þess efnis að þessar kröfur hafi verið uppfylltar.*

### 5. Eiginleikar vörunnar

a) Vörur skulu afgreiddar í föstu formi og innihalda að minnsta kosti 25% af þurrefni miðað við þyngd og að minnsta kosti 20% af lífrænu efni miðað við þurrvigti (mælt sem glæðitap).

b) Vörunnar skulu ekki hafa skaðleg áhrif á að plöntur komi upp eða vaxi síðar.

c) Vörur skulu ekki valda óþef eftir að þeim hefur verið blandað í jarðveg.

*Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun yfirlýsingu þess efnis í té að þessar kröfur hafi verið uppfylltar ásamt viðeigandi prófunarskýrslum og gögnum.*

**6. Heilsa og öryggi**

Hámarks magn frumsjúkdómavalda í vörum skal ekki fara yfir það sem hér segir:

- *Salmonella*: ekki til staðar í 50 g
- *E. coli*: < 1 000 MPN/g (MPN: most probable number (líklegasti fjöldi)).

*Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té viðeigandi prófunarskýrslur og gögn þess efnis að þessar kröfur hafi verið uppfylltar.*

**7. Lífvænleg fræ/æxlikorn**

Í fullunninni vöru skal innihald illgresisfræja eða plöntuhluta illgresis, sem geta spírað og fjölgað sér kynlaust, ekki vera meira en tvær einingar á lítra.

*Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té yfirlýsingu þess efnis að þessar kröfur hafi verið uppfylltar ásamt öllum viðeigandi prófunarskýrslum og/eða gögnum.*

**8. Viðbótarviðmiðanir sem eiga sérstaklega við um vaxtarefni**

- a) Lífrænn hluti vörunnar skal eingöngu samanstanda af jarðvegsbæti sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru í þessari tilskipun. Steinefnum svo sem sandi, leir o.s.frv., sem notuð eru sem hjálparefni, er hægt að bæta við til að betrubæta eðlis- og efnafræðilega eiginleika í heild.
- b) Vörur skulu ekki innihalda mó eða vörur sem unnar eru úr mó.
- c) Rafleiðni varanna skal ekki vera meiri en 1,5 dS/m.

**9. Upplýsingar sem fylgja vörunni**

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja vörunni (hvort sem varan er innpökkuð eða seld í lausavigt), annaðhvort ritaðar á umbúðirnar eða á meðfylgjandi upplýsingablöðum:

**Almennar upplýsingar:**

- a) nafn og heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á markaðssetningu;
- b) lýsing vörugerðar, þar sem meðal annars komi fram orðin „JARÐVEGSBÆTIR“ eða „VAXTAREFNI“;
- c) auðkenniskóði framleiðslulotu;
- d) magn jarðvegsbætis (þyngd) eða vaxtarefna (rúmmál);
- e) helstu efni (þau sem eru yfir 5 % miðað við rúmmál) sem varan er framleidd úr, þar sem greinarmunur er gerður á húsasorpi í föstu formi, garðyrkju- eða skógræktarúrgangi, úrgangi frá iðnaði og verslun þar sem fram komi atvinnugrein (t.d. matvælaframleiðsla, pappírsvinnsla, o.s.frv.);
- f) ráðlögð geymsluskilyrði og ráðlagður síðasti notkunardagur;
- g) leiðbeiningar um hvernig á að meðhöndla og nota vöruna á öruggan hátt.

**Upplýsingar um notkun vörunnar:**

- h) lýsing á tilætluðum notum vörunnar og hvers kyns takmörkunum á notkun;
- i) yfirlýsing þess efnis hvaða plöntuflokkum varan hentar (t.d. kalkfælnum eða kalksæknum);
- j) yfirlýsing varðandi stöðugleika lífræna efnisins (stöðugt eða mjög stöðugt) samkvæmt innlendum eða alþjóðlegum staðli;
- k) yfirlýsing varðandi ráðlagðar notkunaráferðir.

**Á eingöngu við um jarðvegsbæti:**

- l) ráðlögð notkun gefin upp í kílógrömmum eða lítrum af vörunni á einingu yfirborðsflatarmáls (m<sup>2</sup> eða hektara) á ári. Þegar notkunarmagn er ráðlagt skal taka tillit til þess hvort næringarefni eru í jarðvegsbætinum og þá hversu aðgengileg þau eru til að ekki sé farið yfir hámarksnæringarefnaálag á fermetra. Þegar notkunarmagn er ráðlagt er einnig hægt að gefa til kynna meira álag ef ekki er ætlunin að endurtaka notkunina á hverju ári, t.d. við akuryrkju og að því tilskildu að árlegt meðaltalsálag sé í samræmi við hámarksnæringarefnaálag fyrir hvert næringarefni;
- m) hversu mikið af köfnunarefni, P<sub>2</sub>O<sub>5</sub> og K<sub>2</sub>O eru til staðar á fyrsta ræktunartíma þegar bætirinn er notaður.

**Nákvæmar upplýsingar:**

Færibreytur fyrir jarðvegsbæti	Prófunaraðferðir
Ákvörðun á magni	EN 12580
Innihald lífræns efnis og aska	EN 13039
Hlutfall kolefnis og köfnunarefnis (C:N)	C/N (*)
Raka-/þurrefnisinnihald	EN 13040
Sýrustig (pH) (gefið upp sem bil)	EN 13037
Heildarköfnunarefni	prEN 13654/1-2
P (sem P <sub>2</sub> O <sub>5</sub> ) og K (sem K <sub>2</sub> O) innihald	prEN 13650
Stöðugleika-/þroskaprófun (tilgreina skal prófanir ásamt niðurstöðum)	ekki fyrir hendi

(\*) Kolefni = lífrænt efni (EN 13039) × 0,58  
Heildarköfnunarefni: prEN 13654/1-2  
Ekki fyrir hendi = Prófunaraðferð Staðlasamtaka Evrópu ekki fyrir hendi.

Færibreytur fyrir jarðvegsbæti	Prófunaraðferðir
Ákvörðun á magni	EN 12580
Innihald lífræns efnis og aska	EN 13039
Hlutfall kolefnis og köfnunarefnis (C:N)	C/N (*)
Raka-/þurrefnisinnihald	EN 13040
Sýrustig (pH) (gefið upp sem bil)	EN 13037
Rafleiðni	EN 13038
Næringarefni sem eru leysanleg/sem plöntur geta nýtt sér (níturat, ammoníum, fosfat, kalíum)	EN 13652
Stöðugleika-/þroskaprófun (tilgreina skal prófanir ásamt niðurstöðum)	ekki fyrir hendi
Búlkamassi, loftrúmmál, vatnsrúmmál	EN 13041

(\*) Kolefni = lífrænt efni (EN 13039) × 0,58  
Heildarköfnunarefni: prEN 13654/1-2  
Ekki fyrir hendi = Prófunaraðferð Staðlasamtaka Evrópu ekki fyrir hendi.

*Umsækjandi skal láta þar til bærrí stofnun í té yfirlýsingu þess efnis að þessar kröfur hafi verið uppfylltar ásamt viðeigandi prófunarskýrslum gögnum, þar með talið sýnishorn af umbúðunum og/eða meðfylgjandi upplýsinga-blöðum.*

**10. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

- stuðlar að því að draga úr jarðvegs- og vatnsmengun,
- stuðlar að notkun á lífrænum úrgangi,
- stuðlar að aukinni frjósemi jarðvegs (*Aths.*: þessi setning kemur einungis fram ef um jarðvegsbæti er að ræða en ekki vaxtarefni.)